

Reykjavík 3. október 2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um um breytingu á lögum nr. 80/2011, um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum (frestun tilfærslu). Þingskjal 65 — 65. mál.

(Lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013.)

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á þá grundvallarreglu barnaréttarins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru og ekki skuli mismuna börnum vegna aðstæðna þeirra eða foreldra þeirra.

Réttur barna til að njóta úrræða eins og vistheimilis, fjölskylduheimilis eða sambýlis á að vera óháður búsetu. Mikilvægt er að börn geti notið þessarar þjónustu í heimabyggð og fái því notið þess réttar að umgangast foreldra sinna og njóta umönnunar þeirra, leiðsagnar og stuðnings. Af þeim sökum telja Barnaheill - Save the Children á Íslandi mikilvægt að ríkið tryggi að sveitarfélög geti sinnt þessu hlutverki sínu. Ólíðandi er að togstreita milli ríkis og sveitarfélaga komi niður á börnunum sem njóta eiga þjónustunnar.

Samtökin eru því sammála þeim áherslum sem fram koma í frumvarpinu, að ríkið taki yfir ábyrgð á að byggja upp heimili og stofnanir, skv. 84. gr. laganna. Sveitarfélög beri áfram ábyrgð á öðrum úrræðum í nærumhverfi barnsins, skv. 84. gr., svo sem á einkaheimilum.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi taka undir þau sjónarmið Reykjavíkurborgar og stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga að forsenda þess að breytingar á verkaskiptingu
Barnaheill - Save the Children Iceland - Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík
s. 553 5900 - fax. 553 5960 - barnaheill@barnaheill.is - www.barnaheill.is

ríkis og sveitarfélaga komi til framkvæmda 1. janúar 2013 séu að þær leiði til bættrar þjónustu á landsvísu. Samtökin sýna því skilning að fresta þurfi gildistöku umræddra breytinga vegna þess að forsendur virðast ekki ætla að ganga eftir og vinna þurfi betur að undirbúningi málsins. Samtökin vilja þó leggja áherslu á að þessari vinnu verði hraðað, þannig að breytingarnar taki gildi eigi síðar en 1. janúar 2014. Það er óásættanlegt að seinkun gildistöku bitni á þeim börnum sem þurfa á þjónustunni að halda.

Virðingarfyllt

f.h. Barnaheilla- Save the Children á Íslandi

Kolbrún Baldursdóttir, formaður stjórnar Barnaheilla- Save the Children á Íslandi